# Samrunaáætlun
# skv. 120. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995 og 95. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994

*Yfirtökufélag: Atorka Group hf., kt, 600390-2289, Hlíðasmára 1, 200 Kópavogi*

*Yfirtekið félag: Volcano Finance ehf., kt. 621206-0600, Hlíðasmára 1, 200 Kópavogi*

Stjórnir félaganna tveggja hafa gert í sameiningu eftirfarandi áætlun um samruna félaganna með þeim afleiðingum að yfirtekna félaginu er slitið án skuldaskila og félagið sameinað yfirtökufélaginu.

Áætluninn miðað við að sameiningin miðist við 30. desember 2006.

Endanleg ákvörðun um samruna verður tekin af stjórn yfirtökufélagsins, sbr. 2. mgr. 124. gr. laga um hfl. og stjórn yfirtekna félagsins, sbr. 1. mgr.104. gr. ehfl.

*1. gr.*

Hið sameinaða félag skal heita Atorka Group hf. Það verður hlutafélag og mun starfa skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Gert er ráð fyrir að samþykktir Atorku Group hf. muni gilda áfram óbreyttar.

*2. gr.*

Heimilisfang félagsins verður að Hlíðasmára 1, 200 Kópavogi.

*3. gr.*

Þar sem yfirtekið félag er í 100% eigu yfirtökufélagsins verða engar breytingar á hlutafé.

*4. gr.*

Engir hluthafar, hluthafahópar, stjórnarmenn, né aðrir njóta sérstakra réttinda í hinu sameinaða félagi.

*5. gr.*

Réttindum og skyldum Volcano Finance ehf. skal teljast lokið 29. desember 2006 enda tekur Atorka Group hf. við öllum réttindum og skyldum yfirtekna félagsins frá og með þeim tíma.

*6. gr.*

Til staðfestu samrunaáætlun þessari undirrita hana stjórnir Atorku Group hf. og Volcano Finance ehf. en stjórn Atorku Group hf. er falin framkvæmd samrunans.

Kópavogur, 30. desember 2006

**Stjórn Atorku Group hf.**

**Stjórn Volcano Finance ehf.**